

## L Ö G

## um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:

- a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.
- b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti.
- c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 4000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi, þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot.

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar, þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörunar eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kys það heldur.

## 2. gr.

Sakarauki skal það teljast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnumiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.

84

19. júní

## 3. gr.

Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merkingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn heinlínis.

Nú er það æskilegt vegna almenningsheilla, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara.

Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum.

Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað.

## 4. gr.

Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarendi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sæta:

- a) sá, sem í heimildarleysi notar slíkt merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.
- b) sá, sem notar íslenska rikisskjaldarmerkið, eða útlend rikisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.
- c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenska fánans, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans.

## 5. gr.

Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún

84 þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs útsölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnu-málaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga.

Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annara orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði.

Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölnnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu.

Á útsöllum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki.

#### 6. gr.

Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlun hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár.

#### 7. gr.

Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni.

Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

#### 8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5.—7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr.

#### 9. gr.

Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt,

að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnu- 84  
fyrirtæki notar með fullum rétti. 19. júní

Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr.

#### 10. gr.

Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vöru-  
tegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi við-  
komandi stjórnarvalda komi til.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

#### 11. gr.

Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar  
sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna  
til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrir-  
tækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000  
kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

#### 12. gr.

Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um  
verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns  
eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði sammingsbundið trúnaðarsamband, sem  
veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum,  
allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sakir eru miklar. Þó  
skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum  
var slitið.

#### 13. gr.

Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns kaupmanns eða  
verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti  
sektum, allt að 2000 kr. eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi, ef hann hefir  
komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við  
það verulegt tjón.

Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti slíkum mútum.

#### 14. gr.

Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættis-  
miða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vöru-  
tegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.

Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þessháttar kaupbæti.

Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr.

#### 15. gr.

Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar um-  
búðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki

84 19. júní veitir útsöllumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr.

#### 16. gr.

Brot gegn 3., 4. og 14. gr. laganna sæta opinberri ákæru.

Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 15. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.

Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið.

Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi beiðið tjón, að dæma þeim, er fyrir tjóninu hefir orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.

Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur.

Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál.

#### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngrri refsing við eftir öðrum lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Þorsteinn Briem.*